

Leikskólinn Álfatún

Dalurinn okkar



Sameiginlegt þróunarverkefni leikskóla Kópavogs 2014 – 2015

Sjálfbærni og vísindi

Ólöf Svava Guðmundsdóttir verkefnastjóri

Á skólaárinu 2014 – 2015 unnu leikskólar Kópavogs að sameiginlegu þróunarverkefni undir yfirskriftinni Sjálfbærni og vísindi. Verkefnið er samvinnuverkefni 19 leikskóla og verkefnastjóri er frá Menntasviði Kópavogs, leikskóladeild.

Markmið verkefnis;

- Er að auka áhuga og skilning leikskólabarna á sjálfbærni, í hverju hún felst og hvernig þau geti átt þátt í eða haft áhrif á að bæta það umhverfi sem þau búa í.
- Er að efla forvitni og áhuga á töfraheimi vísindanna og því sem leynist í eiginleikum ýmissa efna og hluta.
- Er að auka hæfni og þekkingu starfsmanna á viðfangsefninu og styrkja þá í starfi sínu með börnunum

Í Álfatúni lögðum við áherslu á **dalinn okkar** og möguleika hans til náms.

Markmiðið er að auka áhuga og skilning barna á sjálfbærni sem er einn af lykilþáttum í aðalnámskrá leikskóla, efla áhuga barna á töfraheimi vísindanna og því sem leynist í eiginleikum ýmissa efna og hluta, auka hæfni og þekkingu starfsmanna og styrkja þá í skapandi starfi með börnunum.

Við ákváðum að nálgast verkefnið á forsendum barnanna þ.e.a.s. áhuga og forvitni þeirra.

Njóta dalsins og alls þess sem hann býður upp á.

Örva skynjun barna og læsi á umhverfið.

Innleiða sjálfbærni og vísindi inn í daglegt starf.

Að upplifa náttúruna á fjölbreyttan hátt, minnka fyrirfram ákveðin verkefni.

Mikilvægt að börnin verði læs á umhverfið sitt og náttúruna og geti nýtt reynslu sína til skapandi verkefna.

Efla rannsókn, að börn og kennarar uppgötvi saman dalinn og möguleika hans.

Leiðir

- Skoða, sjá og upplifa náttúruna og umhverfið.
- Ganga vel um náttúruna og njóta hennar.

- Ýta undir forvitni, ígrundun og gagnrýna hugsun.
- Nota opnar spurningar hvað, hvernig og hvers vegna.
- Yngri deildirnar lögðu áherslu á skynjun og upplifanir
- Starfsmannafundir voru nýttir til undirbúnings verkefnis
- Fyrirlestur um skapandi vinnu með börnum
- Kynning á myndaforritum til að auðvelda skráningar
- Umræðuhópar á deildarfundum
- Fyrirlestur um mikilvægi hreyfingar og endurvinnslu, Sabina íþróttifræðingur
- Tónlistarnámskeiðið Börn og tónlist, Birte Harksen
- Fjárfest var í fleiri myndavélum og við fengum spjaldtölvur frá Kópavogsbæ.

Björk

Þau hafa tileinkað sér að skoða náttúruna meira og staldra við það sem börnunum finnst áhugavert. Börnin hafa verið upptekin af laufi og vatni og hafa fengið tækifæri að rannsaka og kanna betur. Börnin hafa upplifað mismunandi efnivið út frá eigin forsendum og leikið með hann bæði inni og úti.



Yngstu börnin unnu með ljós og skugga og vakti það mikinn áhuga .





Farið var í vettvangsferðir og umhverfið gert fallegra með því að týna rusl.

Vel gert !



Dalaferð



Þroskandi að vinna sameiginlega að verkefnum í hóp, maður lærir að deila efnivið, skiptast á og taka tillit til annarra.



Endurmat frá Björk.

Markmið okkar var sniðið að börnum um eins árs aldur og með það í huga gekk allt að óskum. En gaman verður að halda áfram næsta haust með reynslu þessa verkefnis í farteskinu.

Börnin sýndu gleði og forvitni.

Allir starfsmenn deildarinnar tóku þátt.

Einföldu hlutirnir gengu vel til dæmis að fara út í flestum veðrum og njóta útivistar sem mest. Fara niður í dalinn og skoða náttúruna og vera hluti af henni. Leika með vatn og blanda efni úr náttúrunni saman við. Myndvarpinn var mjög forvitnilegur og vasaljósinn skemmtileg.

Sjálfbærnin fólst meira í því að ná í náttúruna og færa hana inn til leikja.

Verkefni mun nýtast okkur áfram næsta vetur þannig að maður mun endurtaka verkefnin með nýjum barnahóp og vonandi bæta einhverju við sem maður sá hjá öðrum deildum og náði ekki að framkvæma sjálfur. Verkefnið vakti umræður meðal starfsfólks en börnin urðu reynslunni ríkari og unnu út frá sínum forsendum.

Við lærðum allar af þessu verkefni og höfðum gaman af. Það sem manni fannst mikilvægast í þessari vinnu var að börnin fengu þann tíma sem þau þurftu við verkefnin og einnig gekk vel að skipuleggja vinnu þeirra þannig að þau fengu frið til að skoða og rannsaka.

Það væri gaman að læra meira um upplifunar og vísindaleiki ungra barna.

Í sambandi við sjálfbærni væri gaman ef börnin væru með margnota bleyjur á Björkinni næsta vetur !



Lind og Hlíð

Á þessum deildum eru börn á aldrinum 2 – 3 ára. Börnin hafa farið í göngutúra í dalinn , upplifað náttúruna og safnað náttúrulegum efnivið og unnið með hann áfram. Unnið hefur verið með sjálfsmyndir og fjölmargar tilraunir hafa verið gerðar. Eldri börnin á deildinni hafa farið í lengri gönguferðir og starfsfólk hefur skráð hvað börnin eru að uppgötva og kanna.

Dalurinn rannsakaður.





Við veitum börnunum tækifæri til að kanna umhverfið sitt á margvíslegan hátt og ræða reynslu sína af þeim tilraunum og ýtum undir að þau vinni með hugsanir sínar og hugmyndir á skapandi hátt.





Með því að koma hugmyndum í orð eða sjónrænt form, skýrum við þær og sjáum ný tengsl og fáum nýjar hugmyndir.









Esjan blasir við og er alls staðar uppspretta umræðna. Hér vorum við að skoða litina í henni og hluti hópsins málaði síðan mynd af henni. Eftir það spannst umræða um krummann sem flýgur upp í fjallið og allir á deildinni gerðu sinn krumma.

Endurmat frá Hlíð

Vel gekk að efla áhuga barnanna á náttúrunni og upplifun barnanna var mikil og sterk enda er náttúran óprjótandi brunnur áhugaverðra fyrirbæra. Við fórum aðeins í dalinn með eldri börnin fyrst í haust og síðan ekki fyrr en núna í vor og þá fóru yngri börnin með. Þar af leiðandi var það garðurinn sem var okkar uppspretta af reynslu. Í staðinn reyndum við að taka inn efnivið og vinna með í hópastarfi. Við vorum meðal annars með greinar, lauf, sand, snjó, vatn, klaka. Einnig vorum við með ýmiss konar skynjunarverkefni.

Það sem gekk illa var að innleiða verkefnið í daglegt starf, það er að segja að vera með efniviðinn í frjálsum leik.

Það sem situr eftir er að þekkingin er komin til að vera og við munum halda áfram á þessari braut. Við þurfum að efla skráninguna betur. Það var ekki mikið skrifað en mikið tekið af myndum. Það sem vantaði var að skoða myndirnar saman og velta fyrir okkur hvað væri að gerast á myndunum.

Annað sem má læra af er að þeir starfsmenn sem voru ekki með í samræðunni um verkefnið í upphafi, það er að segja tóku ekki spjallið um hvað sjálfbærni þýddi fyrir okkur og hvað felst í vísindum fyrir okkar börn voru svolítið í lausu lofti hvað varðar verkefnið.

Það sem gerðist í kjölfarið var að tveir starfsmenn leiddu verkefnið meira en aðrir en allir töldu sig hafa lært mikið af vetrinum og voru ánægðir.

Endurmat frá Lind.

Þeim gekk ekki nógu vel að ná markmiðunum. Þau hefðu viljað komast oftar út í vettvangsferðir. Við hefðum haft áhuga á að bæta meiri vísindavinnu í starf barnanna.

Það sem var gert vakti áhuga barnanna og allir tóku þátt. Þátttaka starfsmanna á deildinni var einnig góð. Allir komu með hugmyndir og tóku þátt í starfinu. Þetta verkefni kennir okkur fjölbreytileika í náttúrunni og hvernig hægt er að nálgast verkefni á ólíkan hátt.

Þetta verkefni vakti áhuga á vísindavinnu og væri gaman að prófa sig áfram á því sviði. Einnig væri gaman að læra meira í sambandi við myndatökur og skráningar.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir námsviðunum og hvernig þau fléttast inn í allt daglegt starf.

Ból

Á bóli eru börn á aldrinum 2 – 4 ára

Í upphafi annar hafa börnin verið að fást við og uppgötva dalinn og umhverfið sitt á margvíslegan hátt. Gert vísindatilraunir, kannað dalinn og komið hugmyndum sínum í orð og á sjónrænt form. Notað sína sköpun og Ímyndunarafl í leik og starfi.



Börnin könnuðu dalinn á sínum forsendum, gerðu tilraunir og voru hvött til að rannsaka umhverfi sitt.



Bjuggum til hringi með laufblöðum

Við fylgdumst með árstíðabreytingum, því lífríki sem þar er að finna.



Létum laufblöðin fljóta

Haustið og litirnir vakti áhuga barnanna og unnum við mikið með litina út frá því.



Börnin hafa farið í göngutúra í dalinn og unnið með náttúrulegan efnivið og út frá áhuga sínum.



Skoðuðum myndir frá dalaferðinni og byrjuðum að hanna ýmislegt....





Ævintýraheimur skapaður.

Opinn efniviður örvar börnin til að hugsa, taka sjálfstæðar ákvarðanir og finna nýja möguleika.

Við bjuggum til pappamassa og héldum áfram að þróa verkefnið. Gáfum okkur góðan tíma með hvert verkefni allt frá viku upp í mánuð.



Fuglalífið er fjölbreytt í dalnum og bjuggu þau til kríur, krumma og hrafna.

Í hópastarfi gafst börnunum kostur á að ígrunda saman og skoða í samvinnu og leik það sem vakti áhuga þeirra hverju sinni.




Esjan er blá

Þegar Esjan sést ekki, þá þarf maður gleraugu



Börnin hafa mikið verið að skoða og velta fyrir sér Esjuna, enda ótrúlega fallegt útsýni hjá okkur. Börnin gerðu skissu fyrst af Esjunni og síðan var hún máluð.





Horft út um gluggann og Esjan máluð



Við komumst ekki alltaf í gönguferðir vegna veðurs í vetur og nýttum við þá tækifærið að vera inni og vinna að skemmtilegum verkefnum og var Esjan eitt þeirra. Falletgt útsýni er hjá okkur og oft skapast skemmtilegar umræður hjá börnunum um það.

Við höfum lagt áherslu á að vinna á skapandi hátt, með opinn efnivið og leyft áhuga barnanna fá að njóta sín.



maður sér ekki neitt þegar er myrkur



það er kvöld, vindur og nótt.

Sníórin er hvítur, það er frost og blátt



Vetramyndir

Allskonar upplifanir settar saman á blað, litir, áferð og skynjanir.

Vetrarmyndir



Veturinn var býsna snjóþungur og kaldur og gaf okkur hugmyndir til frásagna.

„Það eru smá glitrandi stjörnur, pínulitlar stjörnur. Myrkur og það er nótt. Það er að vera svona svart og þá förum við að sofa. Krumminn hann er að fljúga og hann er að kíkja á snjóinn. Þarna er svona stór stjarna og ég sá hana út um gluggann minn“



Dalurinn kannaður



Fórum með sérhannaða sjónauka í dalaferð og sáum margt skemmtilegt.



Vísindaleikir frá Bóli og Læk



Bjuggum til allskonar munstur úr
skapandi efnivið



Tilraun með mjólk - vatn - blek






Teiknaðar allskonar línur með kúlu.

Sólmyrkvinn 2015



Við fylgdumst öll vel með sólmyrkvanum og tjáðum upplifanir okkar í gegnum myndlist .



Endurmat frá Bóli

Það gekk vel að ná markmiðum okkar en veðráttan setti strik í reikninginn en við nýttum okkur efniviðinn úr dalnum og framkvæmdum allskonar tilraunir .

Börnin unnu með fjölbreyttan efnivið og unnu síðan með hugmyndir sínar og ýttum við þannig undir sköpunarþörf þeirra.

Börnin voru mjög áhugasöm, hver með sínum hætti, sýndu frumkvæði og áhuga.

Mikilvægt er að hlúa að sköpunarfærni og áhuga barnanna á umhverfi sitt.

Hafa færri börn í hóp næsta ár og skipuleggja rýmið betur.

Allir starfsmenn virkir og áhugasamir og var misjöfn reynsla starfsmanna. Verkefnið það opið að allir fengu frjálsar hendur til að þróa vinnuna sína.

Heildina á litið hefur verkefni gengið vel, aðlögunin tók sinn tíma og var lengi fram eftir hausti.

Verkefnið nýtist okkur áfram og er góður grunnur að áframhaldandi starfi. Það hefur gert okkur öruggari og færari í starfi.

Mikil umræða skapaðist í hópnum meðal barna og starfsmanna, mikilvægt að vinna sameiginlega að sömu markmiði, heldur starfsmannahópnum saman og gera hugmyndafræði skólans sýnilegri.

Skráningar skipta máli og gerir starf okkar sýnilegra fyrir alla.

Lækur

Elstu börnin í leikskólanum hafa nýtt sér dalinn mikið, farið í gönguferðir, safnað náttúrulegum efniviði og upplifað dalinn á margvíslegan hátt.

Sjálfsmyndir barnanna – jólagjöf til foreldra ☺



Börnin hafa safnað og nýtt sér náttúrulegan efnivið, gert tilraunir og túlkað reynslu sína í gegnum leik.

Þetta er ég og þetta er Sesselja systir mín. Við erum í göngutúr og það var mikill vindur.





Skógarlundurinn okkar

Við förum mikið í dalinn og leikum okkur. Einn daginn var búið að grisja skóginn og þar lágu trjádrumbar sem við röðuðum saman í hring í litlu rjóðri. Upp kom hugmynd að skrifa bréf og skilja eftir til skógarhöggsmannanna og báðum við þá að leyfa þessum drumbum að vera. Garðyrkjustjóri Kópavogs frétti af bréfinu varð mjög hrifinn og bætti um betur og lét smíða fyrir okkur fína bekki. Þarna byrjum við alltaf daginn þegar við förum að leika í dalnum og söfnumst saman þegar við förum heim.



Í vetur gerðum við nokkrar tilraunir. Ein var með sápukúlum og gekk hún út á hvort að sápukúlurnar frysú út í kuldanum.

Kisuhópurinn gerði tilraun með að bragðbæta vatn, settu bananna, sítrónu og epli í vatnið og síðan var kannað hvort það fyndist bragð.

Snjór var tekinn inn og kannað hvað hann var lengi að bráðna og síðan var litur settur í vatnið sem myndaðist og prófað að mála.

Vatn var sett í form og athugað hvort það væri nógu kalt svo það frysí og síðan var klakinn hengdur upp í tré og fylgst með þegar hann bráðnaði. Allt voru þetta mjög skemmtilegar tilraunir.

Útiveran skipar stóran sess í skólastarfinu, börnunum líður vel, það er enginn einn, þau eru miklir félagar og passa vel upp á hvort annað. Þar fer mikið uppgötvun fram um náttúruna og umhverfið, þau læra á hættur sem geta leynst úti, finna sér leikefni í því sem náttúran hefur upp á að bjóða. Útivera eykur sjálfstæði, hugrekki, þol og þor.

Í lokaverkefni hjá útskriftahópnum tókum við þrjú ljóð eftir Þórarinn Eldjárn sem börnin völdu og teiknuðum þau upp og gerðum skuggamyndir. Ljóðin sem við unnum með heita, Manstu Kötu?, Símalandi í Símalandi og Vorið vill ekki koma, sem átti mjög vel við í þessari veðráttu sem búin er að vera.





Lyklaborð og tölvur hannaðar í leik



Hópverkefni hjá elstu börnunum



Endurmat frá Læk

Okkur gekk ágætlega að ná markmiðunum og gerðist það þegar líða tók á vorið.

Börnunum þótti þetta mjög skemmtilegt og voru áhugasöm.

Þátttaka starfsfólks var góð.

Það vorum mikil veikindi á starfsfólki í vetur og það háði starfinu.

Verkefnið opnaði fyrir okkur alla þá möguleika sem dalurinn okkar hefur upp á að bjóða og allan efniviðinn sem við finnum úti sem við getum notað til sköpunar

Umræðan var góð í hópnum.

Við þurfum að vera duglegri við skráningar.

Þetta verkefni tengdist öllum námsþáttum.



Við vorum öll ánægð með veggspjöldin okkar á Hálsatorgi enda mikill sómi að fyrir bæjarfélagið.

Endurmat frá leikskólastjóra:

Það var mjög skemmtilegt að hafa sameiginlegt verkefni með leikskólum Kópavogs. Mjög gott að hafa sama þráð í húsi og sömu markmið því það tengir fólk saman. Nauðsynlegt að hafa stjórnenda til að halda utanum verkefnið enda margir þræðir til að tengja þegar allar deildir vinna saman. Okkar verkefnisstjóri stóð sig mjög vel og var uppspretta margra skemmtilegra hugmynda. Ég var stolt í lok verkefnis og virkilega ánægð með flott Hálsatorgið. Það sást mjög vel að metnaður, skráning, viðhorf

og reynsla hefur breyst mikið í skólanum okkar og sýningin í leikskólanum var mjög lífleg, fjölbreytt, lærdómsrík og falleg.

Það hefði mátt vera meiri samráðstími innanhúss - settur á sem viðbót samfara verkefninu, það vantar alltaf tíma !

Spurning um peninginn - gaman ef við hefðum haft „aukabudjett“ ;) til að gera eitthvað saman s.s. Dalaferð með rauðvín og osta, einnig í prentun mynda og þessháttar.

Við hefðum átt að hafa verkefnastjórnann með á fleiri fundum, t.d. stjórnendafundum í vetur.

Eftir á að hyggja hefðum við átt að setja inná heimasíðu Kópavogs og okkar eigin - yfir veturinn hvernig verkið væri á veg komið og sýnishorn og þessháttar, þá hefði verið búið að tengja inn á lokasprettinn á Hálsatorgi.

Svo hefði átt að nýta meira fjölmiðla og Kópavogspósta til þess sama. Spinna þráð út í samfélagið :))

Nú er bara að halda áfram.

Viðbótarskjöl :

Skjal 1.

Vetrarstarfið - Dalurinn okkar - dæmi frá deild

Þetta verkefni tengist að stórum hluta námssviðinu Sjálfbærni og vísindi og snýr að því að auka áhuga og skilning barna, efla forvitni og áhuga þeirra á töfraheimi vísindanna og því sem leynist í eiginleikum ýmissa efna og hluta, auka hæfni og þekkingu starfsmanna á viðfangsefninu og styrkja þá í starfi sínu með börnunum.

Fyrir okkur felst í sjálfbærni: að minnka neyslu og nýta það sem til fellur, að allir geri sér grein fyrir að það sem við gerum skiptir máli fyrir náttúruna. Mikilvægt að börnin verið læs á umhverfið sitt og náttúru og geti nýtt reynslu sína til skapandi verkefna

Markmið:

- að börnin njóti dalsins náttúrunnar og alls þess sem hann býður upp á,
- örva skynjun barna og læsi á umhverfið
- innleiða sjálfbærni og vísindi inn í daglegt starf
- upplifa náttúruna á fjölbreyttan hátt
- minnka fyrirfram ákveðin verkefni
- efla rannsókn
- börn og kennarar uppgötvi saman dalinn og möguleika hans í námi barna

Áhersluorð eru: Upplifun, könnun og leikur.

Leiðir:

Leggjum áherslu á að kynnast náttúrunni og örva skynjun: snertingu, hljóð, lykt og sjón.

Í vetur höfum við:

September:

Leikið okkur með greinar og lauf, hvernig er áferðin, lyktin, hljóðin. Við lituðum og límdum og vatnslituðum haustmynd öll saman.

Við skoðuðum liti, mynstur, form og áferð. Máluðum með bílum, formum, kubbum, greinum og skoðuðum mynstrið sem kom og hvernig litirnir breyttust.

Október:

Héldum áfram að leika með greinar og lauf. Finnum hvernig lafið brotnar þegar það er orðið þurrt og hægt að mylja það niður. Það er líka gaman að kreista berin og fá úr þeim safi. Vorum með leikdeig og við prófuðum að stinga greinum, berjum og lafi í mjúkt deigið.

Héldum áfram að vinna með áferð og máluðum með rúllum og penslum.

Þau eru að leika sér að láta penslana hoppa og renna, moka málningunni á blaðið og leika sér með fingrunum í málningunni, einnig að smakka á henni.

Hvernig er áferðin á ullinni, skinninu, sandpappírnum. Lékum okkur og svo reyndum við að líma á blað en áhuginn var mismikill.

Nóvember:

Vatn og froðusápa, er hægt að mála með sápu? Hvernig er að koma við hana? Lékum með vatn og liti, skoðuðum andlitið okkar í spegli og gerðum sjálfsmyndir.

Desember:

Skoðuðum liti sem tengjast jólum, máluðum og leiruðum.

Janúar:

Höldum áfram að skoða náttúruæfnið. Vorum með fjörusand og svartan sand og lékum okkur með hann, síðan límdum við á blöð einnig prófuðum við að líma grjón á blöð. Máluðum blöðin.

Fingramáluðum með uppvottalegi og duftlitum á spegla, fylgdumst með litunum blandast saman. Stimpluðum myndir á önnur blöð

Febrúar:

Lékum með snjó og klaka, máluðum með snjó og vatnslitum, létum klakana bráðna, bjuggum til klakahús og snjókarla

Mars:

Bjuggum til snjókorn og köngulær úr ullarhnoðrum. Gerðum hópmynd af Esjunni þar sem eldri börnin máluðu og öll börnin gerðu síðan krumma á myndina. Yngri börnin þæfðu saman ullarmynd. Unnum með páskaliti og máluðum og leiruðum

Apríl:

Settum niður fræ, máluðum, leiruðum og vatnslituðum.

Við höfum í vetur lagt megináherslu á:

- líkamsvitund
- skynjun
- orðaforða og hugtakaskilning
- tónlist og söng
- hreyfingu
- umhverfið og náttúruna
- forvitni og rannsókn

Stóran hluta vetrarins hefur Rauðhetta fylgt okkur. Einnig leikum við okkur mikið með dýr og í hlutverkaleiknum. Kubbar eru einnig mikið notaðir ásamt því að rannsaka allan efnivið og prófa eiginleika: Hvað komast margir kubbar í appelsínflösku eða mjólkurfernu, hvernig heyrir þegar við sláum kubbum saman, hvaða hlutum er hægt að rúlla, hvernig skoppa boltar, hvað er mjúkt, hvað er hart og svo framvegis.

Skjal 2

Endurmat fyrir allar deildir :

Sjálfbærni og vísindi Dalurinn okkar

Hver deild ræðir saman og svari:

Hvernig gekk okkur að ná markmiðunum ?

Hvernig var upplifun barnanna ?

Hvernig var þátttaka starfsmanna deildarinnar ?

Hvað gekk vel ?

Hvað gekk ekki eins vel ?

Hvernig mun verkefnið nýtast okkur áfram ?

Vakti verkefnið umræður í hópnum meðal barna og starfsfólks ?

Er eitthvað sem ykkur langar að læra meira í tengslum við verkefnið ?

Lærðum við eitthvað um skráningu, myndatökur, sjálfbærni, myndlist, tónlist, hreyfingu, vísindi, sköpun, lýðræði sé eitthvað nefnt og endilega bæta við einhverju sem kemur upp ?

Hve vel þekkjum við hin námsviðin og eigum við að leggja áherslu á eitthvað ákveðið svið næsta vetur hafa rauðan þráð „setja á sig gleraugu“ ??

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sköpun og menning

Er eitthvað sem ykkur langar að læra meira í tengslum við verkefnið ?

Lokaorð.

Þetta verkefni hefur verið mjög lærdómsríkt og hvetjandi fyrir alla. Vinna við það hefur aukið þekkingu og skilning á sjálfbærni, vísindum og skapandi starfi.

Börnin sýndu þessu verkefni mikinn áhuga, voru sérstaklega áhugasöm í dalaferðunum okkar, sýndu frumkvæði og gleði.

Þetta verkefni var vítamínsprauta inn í starfið og aukin umræða varð um skapandi hugsun og sjálfbærni. Starfsfólkið varð öruggara í sínu starfi með börnunum í lok verkefnisins.

Samhliða þessu verkefni unnum við að skólanámskrá og kom það sterklega fram hversu námsvið leikskólans eru samþætt og samofinn öllu starfi leikskólans.